

En því miður verð eg í þessari stuttu ritgerð að leiða hjá mér trúarsögn 13. aldarinnar að minsta kosti; væri þar efni í heila bók, og vonandi verður sú bók rituð af einhverjum, sem auk annars er við þarf hefir meiri sögufróðleik til að bera en höfundur greinar þessarar. Áður en eg lýk máli mínu, verð eg þó að minnast á fátt eitt af því sem gerist um aldamótin 1200.

Þórðarsynir, Hákon og Hildibrandur, og Arnþrúðarsynir, Snorri, Þorsteinn og Brandur, sem verið höfðu að brennu Önundar Þorkelssonar í Lönguhlíð, eru handteknir í Laufási haustið 1198. Brandur komst af snarræði í kyrkju. „En þeir bræðr, Þorsteinn ok Snorri, bjoggusk við lífáti, þógu sér og kembdu, ok bjoggusk sem til fagnaðar væri at fara. Þá mælti Snorri: „Þat vilda ek“, segir hann, „at ek væra fyrr af lífi tekinn en Þorsteinn, því at ek treystumk hónum betr at hann mundi fyrirgefa, þótt hann sæi mik af lífi tekinn“. Þá mæltu menn Þorgríms, „at festa skyldi fyrir augu þeim nökkut“. En þeir svörðu, „ok kvóðusk eigi þurfa at láta binda fyrir augu sér sem þjófum; kvóðusk opt hafa vápn sét“.

Síðan eru þeir höggvir.

En af Þórðarsonum er það að segja, að „Hildibrandur komsk at kyrkju, ok gat fengit kyrkjustoðina; ok slitu þeir hann af stoðinni; ok síðan vá Sölvi hann“. Þorgrímur hafði griðum heitið þeim bræðrum. „Þá bað Hákon at höggva skyldi af honum hönd ok fót, ok fara útan við þat ok bæta fyrir sér ok öðrum, ok ganga suðr. Þorgrímur kvezk eigi vilja pína hann svá. Hákon bað, at þeir skyldi stanga hann til bana, en höggva hann eigi. Þorgrímur vildi þat eigi. Þá varð eingi maðr til at vega at Hákon, því at Sölvi vildi eigi vega hann, því at hann hafði veitt Hákon trygðir fyrir víg Þóroddz. Þá svarar Sigurðr Grikkur: „Ek mun ör því vandræði ráða at vega at Hákon“. Hákon svarar: „Þat munda ek ok helzt kjósa; því at frá þér em ek ómaklegastr þeirra manna er hér eru. Ek tók við þér félausum er þú komt út, ok veitta ek þér vist; en ek stóð þik þrysvar í hvílu hjá konu minni Guðrínu“. Hákon gaf upp vápn sín öll Sölva Þóroddzsyni. Síðan vá Sigurðr hann.“

Í þessari frásögu er margt eftirtektavert, en ekki sízt orð